

## Re: Minnisvarði í tilefni 50 ára goslokaafmælis, skipulagslýsing - Umsögn óskast

Búið til	20.12.2022 14:39:53
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.12.2022 14:39:52
Tilheyrir	202212-0006 - Minnisvarði í tilefni 50 ára goslokaafmælis, skipulagslýsing - Umsögn óskast

### Efni

Re: Minnisvarði í tilefni 50 ára goslokaafmælis, skipulagslýsing - Umsögn óskast

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	20.12.2022 14:39:52	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

### Innihald

Góðan dag,  
Tilvísun í mál nr. 202212-0006 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 5. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýs deiliskipulags vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargoss.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguina.

Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um sjálfan minnisvarðann, þ.e. stærð, útlit, efnisval o.fl. er erfitt á þessu stigi að leggja mat á umfang rasks eða ásyndaráhrif sem og önnur áhrif af minnisvarðanum.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér því rétt á frekari athugasemdum um slíkt á síðari stigum t.d. þegar deiliskipulagstillaga liggur fyrir.

Varðandi staðsetningu minnisvarðans er ljóst að hún er innan hverfisverndaðs svæðis og á hrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um sérstaka verndun náttúruminja. Staðsetningin er einnig innan gildandi náttúruminjaskrár, svæði 723. Ljóst er að rask verður á nútímahrauni sem Náttúrufræðistofnun telur mjög óheppilegt, ekki síst þar sem hrauninu hefur nú þegar víða verið raskað. Erfitt er að leggja til aðra staðsetningu eða veita ráðgjöf um aðgerðir til að koma í veg fyrir rask þegar ekki er vitað meira um stærð og gerð minnisvarðans. Slíkt bíður síðari umsagna um málið.

Varðandi önnur viðfangsefni skipulagsins er mjög jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar að endurskoða eigi göngu- og hjólastíga á svæðinu og loka óæskilegum stígum. Einnig ætti að stefna að því að skipulag á svæðinu komi í veg fyrir utanvegaakstur torfærumótórhjóla utan þeirra svæða sem þeim hefur verið úthlutað, en slíkt veldur skemmdum á viðkvæmum jarðmyndunum.

Virðingarfyllst og gleðileg jól,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Dagný Hauksdóttir" <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:**

**Subject:** Minnisvarði í tilefni 50 ára goslokaafmælis, skipulagslýsing - Umsögn óskast

**Date:** 5.12.2022 15:14:44

Góðan dag,

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 1. desember 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýs deiliskipulags vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni að þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargos.

Gert er ráð fyrir staðsetningu fyrir nýjan minnisvarða þar sem nú er óbyggt svæði. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir að komu að minnisvarðanum, bílastæðum o.s.frv. Aðalskipulagsbreytingin gerir einnig ráð fyrir nýjum göngustígum á hverfisvernduðu svæði Eldfells og Kirkjubæjarhrauns.

Breyting styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um að Eyjarnar taki vel á móti ferðamönnum, um uppbyggingu styrkra innviða í sátt við náttúru og að gott aðgengi að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum.

Skipulagsgögnin eru til sýnis hjá Umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 6. desember 2022 til og með 21. desember 2022 og má einnig finna í skipulagsgátt á vefsíðu sveitafélagsins. Meðfylgjandi er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðra skipulagsáætla.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir 21. desember 2022. Það verður aftur leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar skipulagið fer í auglýsingu.

Kær kveðja,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Vestmannaeyjabær

S 488 2530

Netfang: [dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is) (<mailto:dagny@vestmannaeyjar.is>)

[www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is) (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.vestmannaeyjar.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cb56368671e514c6df54d08dad6d365ca%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638058500833013873%7CUnknwn%7CTWfPbGZsb3d8eyjWljoiMC4wLjAwMDAiLCJljiV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=vBzhZk5f7mlgMccUsM3oOE4jtmCijmkeVj5ytogBAUc%3D&reserved=0>)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html> (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.althingi.is%2Faltext%2Fstjt%2F1999.107.html&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cb56368671e514c6df54d08dad6d365ca%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638058500833013873%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IkhWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=9LOAJe3VHwCRKWbbB6TRRkMpjMcf%2BW%2ByHloovuP PSuo%3D&reserved=0>)) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður. This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.